

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. október 2023
UST202310-009/B.S.
10.05.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda - Blöndulína 3. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða hvort nokkrar breytingar á legu línunnar kalli á mat á umhverfisáhrifum. Línunni er hliðrað á sjö stöðum og er færslan minnst 99 m og mest 663 m. Mestu skiptir þó að möstrum fækkar úr 97 í 82. Þessar breytingar hafa óveruleg áhrif á legu línuvegs.

Umhverfisstofnun telur að umræddar breytingar séu til bóta og mun draga úr sýnileika línunnar sérstaklega vegna fækkunar mastra.

Umhverfisstofnun telur að velja eigi raflínunum stað á mannvirkjabeltum sem þegar eru til staðar s.s. með vegum eða öðrum línunum og forðast ætti að taka ný og óröskuð svæði undir háspennulínur og alls ekki svæði sem teljast lítið röskuð víðerni.

Að mati Umhverfisstofnunar uppfyllir lega Blöndulínu þær kröfur sem stofnunin telur að eigi að gera þegar slíkum mannvirkjum er valinn staður.

Umhverfisstofnun vill benda á að alls ekki skuli sverði raskað á öðrum stöðum en þar sem farið er um grónar brekkur og nauðsynlegt verður að taka skeringar og gera vegrásir. Ef stagfestur eru boraðar ætti ekki að hreyfa við jarðvegi í masturstæðum og reyna ætti að hafa plön það þunn að ekki myndist fláar. Fjarlægja strekkingaplön eftir notkun ef það er unnt.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umræddar breytinga muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur

